

Ár 2011, fimmtudaginn 6. október kl. 7:45 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins. Mættir voru: Unnur Þormóðsdóttir, Ninna Sif Svavarsdóttir og Róbert Hlöðversson. Ennfremur sat fundinn Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri, sem ritaði fundargerð í tölvu.

Unnur Þormóðsdóttir formaður, setti fund og stjórnaði.

Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. Bréf sem borist hafa frá:

1.1. Velferðarráðuneytinu frá 9. september 2011.

Í bréfinu er rætt um skýrslu velferðarráðherra um aðgerðir samkvæmt aðgerðaráætlun ríkisstjórnar vegna ofbeldis karla gegn konum í nánum samböndum. Ráðuneytið hvetur sveitarfélög til að gera sambærilegar aðgerðaráætlanir.

Lagt fram til kynningar og vísað til velferðanefndar Árnesþings.

1.2. Umhverfisráðuneytinu frá 26. september 2011.

Í bréfinu er rætt um að hafin er undirbúningur að útgáfu landsáætlunar um meðhöndlun úrgangs 2012-2023 og innleiðingu á rammaskipun Evrópusambandsins um úrgang.

Lagt fram til kynningar.

1.3. Umhverfisráðuneytinu frá 9. september 2011.

Í bréfinu er boðað á VII Umhverfisþing sem haldið verður 14. október á Hótel Selfossi.

Lagt fram til kynningar.

1.4. Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 29. september 2011.

Í bréfinu eru sveitarfélög hvött til að standa fyrir fundum vikuna 24. til 29. október nk. um stöðu og aðgerðir í jafnréttismálum kynjanna í sveitarfélaginu í tilefni kvennafrídagsins þann 25. október nk.

Lagt fram til kynningar. Bæjarstjóra og félagsmálastjóra falið að skoða málið.

1.5. Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga frá 21. september 2011.

Í bréfinu eru upplýsingar úr rafrænum skilum sveitarfélaga á ársreikningum þeirra fyrir árið 2010.

Lagt fram til kynningar.

1.6. Sparisjóði Suðurlands frá 26. september 2011.

Í bréfinu er Hveragerðisbæ boðið til gjafar tréverk sem bjargaðist úr brunanum í Eden.

Bæjarráð þakkar gjöfina en samþykkir jafnframt að ekki verði farið í neinar viðgerðir á tréverkinu fyrr en tekin hefur verið ákvörðun um notkun þess.

1.7. **Þór Ólafi Hammer frá 19. september 2011.**

Í bréfinu óskar Ólafur eftir viðræðum við bæjarstjóra og byggingarfulltrúa vegna möguleika á áframhaldandi leigu á tjaldstæðinu við Reykjámörk.

Bæjarstjóra og skipulags- og byggingarfulltrúa falið að ræða við bréfitara.

2. **Tæknileg málefni:**

2.1. **Umsögn um endurnýjun á leyfi til reksturs veitingarstaðar í flokki II.**

Sýslumaður óskar eftir umsögn Hveragerðisbæjar vegna umsóknar Önnu Maríu Eyjólfsdóttur f.h. Heilsukosts ehf., kt. 630895-2439 um endurnýjun á leyfi til reksturs veitingarstaðar í flokki II í Kjöt og Kúnst, Breiðamörk 21.

Bæjarráð gerir ekki athugasemd við fyrirhugaðan afgreiðslutíma og staðsetningin er innan marka, reglna og skipulags sveitarfélagsins.

3. **Fjárhagsleg málefni:**

3.1. **Endurskoðuð rekstraráætlun Hveragerðisbæjar 2011.**

Lögð fram tillaga að endurskoðaðri rekstraráætlun Hveragerðisbæjar fyrir árið 2011.

Bæjarráð samþykkir að vísa endurskoðuninni til bæjarstjórnar.

4. **Verkfundargerðir:**

4.1. **Heiðmörk – Gatnagerð frá 21. september 2011.**

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

5. **Fundargerðir til kynningar:**

5.1. **Stjórnar Skólaskrifstofu Suðurlands frá 1. september 2011.**

5.2. **Stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands frá 19. september 2011.**

Fundargerð upp lesin og samþykkt.
Fleira ekki gert og fundi slitið kl 8:33

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Róbert Hlöðversson, (sign.)

Ninna Sif Svavarsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)